

47 eða andvirði hennar, sem farið er með andstætt ákvæðum laga þessara, er heimil 11. júní samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi vöru en sá, sem sekur hefur reynzt um brot á lögnum.

## 28. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim, svo og upptæk verðmæti, renna í rikissjóð.

## 29. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skulu rekin að hætti opinberra mála.

## 30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 53 frá 16. nóv. 1907, um tollvörugemymslu og tollgreiðslufrest, lög nr. 53 frá 5. júní 1958 og önnur laga-fyrirmæli, sem brjóta í bága við lög þessi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

48

11. júní

## L Ö G

**um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Fimm manna bankaráð fer með stjórn bankans.

Sameinað Alþingi kys bankaráðsmenn hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skal kjósa fimm varamenn, einn fyrir hvern aðalmann, er taki sæti í bankaráðinu í forföllum aðalmanns. Ráðherra skipar formann og varaformann bankaráðs úr hópi kjörinna aðalmanna eða varamanna, til fjögurra ára í senn.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, hefur umsjón bankans. Hann setur bankaráði og bankastjóra erindisbréf og ákveður laun bankaráðsmanna.

Bankaráð skipar einn bankastjóra, aðalbókara og aðalféhirði. Heimilt er bankaráði að fjölga bankastjórum í tvo, að fengnu samþykki ráðherra.

Laun bankastjóra skulu ákveðin af bankaráði með samþykki ráðherra, en aldrei mega þau vera hærri en laun bankastjóra við Landsbanka Íslands. Sama gildir um eftirlaun handa fráförnum bankastjóra eða ekkju hans.

## 2. gr.

54. grein laganna orðist svo:

Bankastjóri ræður aðra starfsmenn bankans en aðalbókara og aðalféhirði.

Bankaráð ákveður laun starfsmanna, að fengnum tillögum bankastjóra.

## 3. gr.

48

11. júní

1. málsliður 57. gr. laganna orðist svo:

Tveir skulu vera endurskoðendur bankans, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til tveggja ára í senn.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara fellur niður umboð núverandi bankaráðsmanna, svo og endurskoðenda. Starfstímabil bankaráðsmanna og varamanna þeirra, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1964. Starfstímabil formanns og varaformanns, sem ráðherra skipar í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, er til sama tíma.

Starfstímabil endurskoðenda, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn eftir samþykki þessara laga, skal vera til ársloka 1962.

*Gjört að Bessastöðum, 11. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*

## L Ö G

49

11. júní

um breyting á lögum nr. 48 28. maí 1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 54. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlastjörn er heimilt að veita þeim bændum, er hafa örðugan fjárhag, styrk til íbúðarhúsbyggingar á sama veg og nýbýlastofnendum (sbr. 26. gr.). Sé styrkurinn greiddur af því fé, sem fram er lagt samkvæmt 41. gr.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 11. júní 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*